

ALDASKIPTI

I

Úr öllum áttum koma nú spárnar um að aldaskipti séu í nánd. Á þýskri bók sem mér er send eru nefnd árin 1924—27, og notað orðið *Weltenwende*, heimshvörf. Í dönsku blaði sé ég þess getið, að Ameríkumaður, sem talar um slíkt í ekki meiri trúarbæ en Kaupmannahöfn er, við aðsókn svo mikla að hundruð verða frá að hverfa, nefni 1925 sem ár hinnar miklu breytingar.

Náttúrlega er í slíkum spásögum ekkert af skilningi á því sem í vændum er. En þó eru þær ekki einiskis virði fyrir þann, sem veit hvernig spásögur eru til komnar, og kann að nota þær. Ekki þykir mér ólíklegt, að nær sönnu muni spáð vera á Nýja Sjálandi, þar sem heima á sá maður, sem ég tel ágætastan breskra rithöfunda, prófessor Macmillan Brown (= Godfrey Sweven, höfundur þessarar stórkostlegu „fram-tíðarlýsingar“ sem heitir *Limanora* eða *Framfaraeyjan*). Þó að ekki sé það tekið beint fram, virðist mér sem helst muni vera frá Nýja Sjálandi merkilegt bréf, sem Conan Doyle getur um í sinni frægu ferðasögu (*Wanderings of a Spiritualist*, 1921, s. 206). Endar bréfritarinn á að láta í ljós þá sannfæringu, að nú sé alveg komið að einhverri stórkostlegri uppgötvun. Þetta er sannspá, og það vill svo til, að mér er kunnugt um, hvaða uppgötvun þetta er. Orð þessi skrifaði ég Conan Doyle, og þó ekki af því að ég byggist við miklum árangri. En samt er það aldrei alveg áhrifalaust, að sannleikurinn sé sagður. —

II

Einhver merkilegasta spásagan sem ég hefi séð, er eftir þýska spákonu, sem kallar sig v. Ferriem. Er hún reynd að því að vera sannspá. Frú v. Ferriem spáði því um síðustu aldamót, að í vændum væri styrjöld, ferlegri miklu en nokkur sem áður hefir gengið yfir — þýsk-franska stríðið 1870 segir hún hafi verið sem barnaleikur hjá þessari komandi styrjöld — og mjög varð hún nærgæt um hvenær þeirri styrjöld mundi lokið verða. Spáir hún ennfremur að koma muni fram, að þeirri styrjöld lokinni, heimsumbótamaður (Weltreformer). — Frú v. Ferriem er trúkona mikil, og er því mjög eftirtektarvert, að það er ekki endurkoma Krists, sem hún spáir. Hún tekur einmitt fram, að þessi umbótamaður sé ekki Kristur. Við lítinn kost segir hún að hann hafi lifað, og muni þó vera máttugur mjög, af því að guð sé með honum. Ennfremur segir hún, að fram muni koma ný náttúruvísindi og kennd verða við alla háskóla. Svo ríkt kveður völvan að orði um aldaskiptin, að hún segir að heimurinn muni verða nýr.

Annarrar völvu þýskrar hefi ég séð getið, sem spáir nógu skemmtilega. Maður er að leita hjá völvunni fréttu um framtíðina, og segir hún þá að mikilla tíðinda sé von af yfirmannkyni frá Norðurheimskautinu (Übermenschen vom Nordpol). Þjóðverjinn trúði þessu illa og spurði, hvort völvan vildi ekki sagt hafa Übermenschen vom Himalaya, því að hann mun trúá á hina svonefndu meistara guðspekinga, sem þeir halda, að heima eigi í Himalayafjöllum. En völvan hélt fast á því, að hinir æðri menn mundu koma frá Norðurheimskautinu.

Ef menn gæta að því nógu vel, hverskonar fólk það var, sem Landnáma segir frá og aðrar Íslendingasögur, og hvað hefir getað komið fram á landi hér, af arfinum frá þessu fólki, þrátt fyrir kuldalegar ástæður, þá munu þeir sjá, að frétt völvunnar er ekki alveg eins fjarstæð og í fyrstu virðist.

III

Þörfin á aldaskiptum er mikil og vafalaus. Böð það sem yfir mannkynið hefir gengið, er langt fram yfir það sem nokkur hafði við búist. Og enn mundi verða miklu verr en áður hefir verið verst, ef haldið yrði þeirri stefnu sem ráðið hefir. Um aldamótin næstu mundi Evrópa öll vera orðin aumlegri álfa, heldur en Þýskaland var eftir 30 ára stríðið. Hryllilega ljót mundi sú saga verða. Út í löndum virðist menn varla gruna ennþá hvað á mundi dynja, ef ekki yrði undan stýrt. En það er það sem mun takast. Rétt er sú saga hins forspáa fólks, að önnur öld sé fyrir höndum. Og aldaskiptin geta byrjað, þegar menn vilja. Hér á Íslandi er vitað það sem þarf, til þess að umskipti geti orðið. Það þarf að þekkja tilgang og eðli lífsins. Lífið er hleðsla eða magnan hins óæðra, árangur af tilraun hins æðri kraftar til að gera hið óæðra sér líkt. Hinn lifandi líkami er samsafn af koli, kalki og mörgum fleiri jarðefnum, sem stillt eru til samstarfs við æðri kraft. Líkami þýðir líkur hamur. Lífið má allt hamfarir kalla. Lífið á jörðu hér er sem nýlenda frá öflugari lífstöð, og af því rísa vandræðin, að sambandið við þessa móðurstöð jarðlífsins er svo lítið og ófullkomið. Af þeirri ástæðu er það, sem hér er heimur kvala og heljar, eða með öðrum orðum: nágrenni helvítis. En þegar það samband kemst í rétt horf, þá verður vandræðunum lokið. Þá en ekki fyrr, verður í sannleika byrjað að lifa á jörðu hér. Og það gæti verið svo fagurt að lifa. Vér getum ráðið þetta af því, hversu illt er, þegar það mistekst.

IV

Vér þurfum að neyta þess, að vér göngum nú ekki framar á 4 fótum, þó að forættir vorar hafi svo gert. Vér eigum að horfa til himins. Á stjörnum eigum vér að horfa. Vér þurfum að vita, að stjörnum eru heimkynni lífsins. Það er engu minni fjarstæða, að hugsa sér líf án sambands við heim heldur en að hugsa sér vatn eða eld án sambands við heim. Á öðrum stjörnum eru þær lífstöðvar, sem oss ríður lífið á að komast í samband við. Og nú er það auðvelt orðið.

Sambandið fæst, ef vér erum samtaka um þá þekkingu, sem nú er fengin. Og það verður að vera svo stórhuga, að láta það ekki fæla sig lengi úr þessu, að sú þekking er íslensk. Það er íslensk hugsun, að nota í líffræðinni aflsvæðishugtak eðlisfræðinganna. Og þegar það er gert, verður fullkomlega ljóst það sem áður var talið fullkomlega óskiljanlegt. Vér getum, með því að hugsa réttar, bætt lífaflsvæðið hér á jörðu þannig, að áhrifin frá öflugari lífverum nái betur að koma hér fram. Og enn mun af því leiða, að framliðnir, sem eignast hafa nýjan líkama á sterkara lífaflsvæði annarrar stjörnu, geta komið hér fram og gist sitt forna heimkynni á þann hátt sem nú mun þykja mjög ótrúlegt. En það mun verða ekki síður þýðingarmikið fyrir hina framliðnu sjálfa, heldur en þá, sem hér lifa, að jörð vor kemst þannig í hið mikla samband lífheims.

V

Nú ríður á því, að lesendur mínir forðist sem mest þá ímyndun, að þetta sem hér er ritað, teljist til þess sem menn geta lesið sér til dægrastyttingar, en þurfa ekki að taka neitt mark á. Það mundi koma greinilega fram, og líklega fyrir önnur áramót, að það er ekki af eintómri eigingirni, sem ég óska þess mjög, að mönnum auðnist nú að fara að skilja, hvers konar erindi hér er verið að flytja. Ekkert girðir jafn rækilega fyrir hin góðu áhrif sem hér er verið að reyna til að greiða fyrir, eins og ef einmitt þetta erindi fær enga áheyrn. Lesi menn Nýal og lesi hann vel, og þeir munu sjá, að sambandið í mínu máli er allt þannig vaxið, sem vera þarf til að sýna með fullkominni vissu, að ekki er verið að villast. Og biðja vil ég menn að forðast þá trú, sem ekki mun vera mjög óalgeng, að þeir þekki Nýal, ef þeir hafa lesið Morgunblaðið; talsvert meira en helmingur bókarinnar hefir ekki verið prentaður áður, eða nálægt 300 bls. Lesi menn þessa fyrstu bók hins nýja tíma, með því trausti sem maklegt er, og þeir munu finna, að breyting verður á ævi þeirra. Beiti menn svo greind sinni að þeir hafi það traust á sannleikanum sem rétt er, og þeir munu fá það samband sem þarf til

Þess að komast á hina góðu leið. Og hver dagur, sem tafið er fyrir hinu rétta sambandi, er nokkru dýrari en trúlegt mundi þykja. Gæti ég nú þegar fengið alla Íslendinga til að þiggja sannleikann, þá mundi mikil breyting á verða.

Það verður lítið hér um slys, þegar hugarfarið fer að verða á þá leið, að hin góðu áhrif frá móðurstöð jarðlífsins ná að koma hér fram. Á alla vegu mun þá rakna úr þeim vandræðum sem nú eru og yfir vofa. Áður en tíu ár verða liðin frá því að Íslendingar þiggja þann sannleik, sem hér er verið að boða, verður fátækt og vesöld horfin frá þessu fólki, sem svo lengi hefir vanmetið verið. Vegir og húsakynni verða þá komin í það horf sem nauðsynlegt er til þjóðþrifa. Háskóla munum vér þá eiga og landsspítala og enn það hús, sem svo mikil nauðsyn er á til að efla hér bæjarlíf, og ef til vill mætti kalla Frósali.

Augljós mun verða þýðing Íslendinga fyrir endurreisn hins norræna kyns. Lokið mun verða þeim smáþjóðarskap, sem svo mjög hefir heft íslenskan hug og hagsæld, og um aldamótin 2000 mun sumt það fólk, sem fremst er og frægast á jörðu hér, vera Íslendingar.

Enn eru ramar þær taugar, sem í rangar áttir draga, og ótrúleg munu orð mín þykja. En þó mun á sínum tíma sannast það sem hér er sagt.

Nóv. '22